

## JARÐBORANIR Á HÁHITASVÆÐUM

eftir

Karl Ragnars

Guðmund Sigurðsson

Stefán Sigurmundsson

## JARÐBORANIR Á HÁHITASVÆÐUM

eftir

Karl Ragnars

Guðmund Sigurðsson

Stefán Sigurmundsson

## E F N I S Y F I R L I T

	<u>Bls.</u>
1. Formáli .....	1
2. Borun á háhitasvæðum .....	3
3. Tilhögun við fóðringar undanfarin ár .....	5
4. Tillögur að fyrirkomulagi fóðringa .....	8
5. Steyping fóðringa .....	11
Rennitappar .....	13
Flotkragi .....	14
Miðjustillir .....	14
Steypingarhausar .....	14
Val á sementi og sementsbætiefnum .....	14
6. Spennur í fóðurrörum .....	16
7. Holutoppur - frágangur og styrkleiki .....	19
8. Verkfæraeign Jarðboranadeildar Orkustofnunar	20
9. Mynda- og töfluskrá .....	23

## 1. FORMÁLI

Á síðastliðnum árum hafa verið framkvæmdar boranir í Námaskarði og á Reykjanesi. Við þær hafa orðið ýmis óhöpp og vandræði, sem betur færi á, að endurtækjü sig ekki. Þar eð höfundar þessarar skýrslu hafa verið viðriðnir þessi verk á einn eða annan hátt, þá ætlaðist þannig til, að þeir fóru að íhuga þessi vandamál og skiptast á skoðunum um þau. Til þess, að þessar íhuganir mættu að gagni verða, var augljóst, að þær yrðu að vera í formi greinargerðar og því varð það úr, að undirritaðir ákváðu að vinna saman að greinargerð þeirri, er hér fer á eftir.

Tilgangur skýrslu þessarar er aðallega sá, að reyna að benda á leiðir, sem mættu verða til þess að fækka óhöppum og vandræðum, sem hafa hent undanfarið við borframkvæmdir. Þó teljum við, að hefðist erindi sem erfiði, ef þessi greinargerð yrði ekki til annars en að koma af stað umræðum um þessi mál. Til þess að benda á það, sem betur mætti fara, og forða óhöppum, verður að gera sér grein fyrir, af hverju óhöppin helzt stafa. Álítum við, að hér sé um tvær megin orsakir að ræða, annars vegar að skipulagi sé ekki nægur gaumur gefinn og hins vegar virðist okkur ekki vera tekið nógu mikið tillit til þess gífurlega mismunar, er felst í því að bora á háhitasvæðum miðað við boranir á öðrum svæðum.

Skipulagsleysi kemur helzt fram í því, að byrjað er á borun af litlum sem engum undirbúningi. Hjá þessu fyrirtæki hefur aldrei orlað á því, sem nefnt er afgreiðslufrestur. Þegar beiðni kemur um borun á einhverju tilteknu svæði, hvort sem um er að ræða eina eða fleiri holur, þá virðist sem helzt hefði átt að hefja framkvæmd í vikunni, áður en beiðni barst.

Þegar svona er rokið á stað, er ekki von til þess, að til sé neitt "prógram" fyrir borstjóra að fara eftir við borun, sem annars mætti ætla, að væri töluvert atriði, ef borun á að ganga fljótt og örugglega fyrir sig. Einnig virðist sem svo, að við borun á tveim áðurnefndum svæðum sé reynsla sú, sem hefði átt að fást við fyrri boranir á svæðunum, ekki notuð. Nægir í því tilfelli að benda á Námaskarð, þar hafa verið boraðar 5 holur á tiltölulega litlu svæði vestan undir fjallinu, en engin þeirra er eins, þrátt fyrir að allar séu boraðar í sama tilgangi.

Annar annmarki, sem skapast af svo hörðu viðbragði, er undirbúningsleysi, en hér er átt við, að tíma þarf til að útvega þá hluti, sem nota á við borun einnar holu, fóðurrör, flansa og ventla, svo eitthvað sé nefnt. Meðan það sjónarmið ræður ekki, að eiga slíka hluti á lager, verður að fá tíma til að útvega þá og er sá tími háður afgreiðslufresti þeirra fyrirtækja, sem afgreiða slíkt. Sé sá tími ekki fyrir hendi, þá kemur það niður á framkvæmd verksins í formi tafa og tafir eru ákaflega leiðinlegt fyrirbæri, svo ekki sé annað sagt.

Af þessu teljum við, að meginforsenda fyrir velheppnuðu borverki sé samvirkusamlega unnið borprógram fyrir borstjóra að fara eftir, og að allir þeir hlutir, sem til þarf í eina holu séu komnir á staðinn í þann mund sem verkið hefst.

Til þess að hægt sé að semja gott borprógram, verður að gera sér grein fyrir hvers konar svæði sé verið að bora á. Hér er komið að annarri aðalorsök vandamála. Í fljótu bragði virðist ekki mikill munur á hvort mælt hitastig í borholu sé um 200°C (Hveragerði) eða um 280°C (Námaskarð og Reykjanes). Sé aftur á móti litið á þann þrýsting, sem stafar af þessum hitastigum verður mismunurinn gífurlegur, 16 kg/cm<sup>2</sup> (Hveragerði) og 66 kg/cm<sup>2</sup> (Námaskarði og Reykjanesi). Sjá mynd 1. Af þessu sést, hve allur útbúnaður, undirbúningur og varúð verður að vera miklu meiri á háhitasvæðum sem þessum. Virðist sem ekki hafi verið nægilega að þessu gætt, og gæti það meðal annars verið orsök til undangenginna vandræða. Það hlýtur að bjóða hættunni heim, að ætla sér að framkvæma boranir og ganga frá útbúnaði á holum á þessum svæðum eins og verið væri að bora í Hveragerði eða jafnvel enn kaldari svæðum.

Við samantekningu þessarar greinar rákumst við á, við lestur erlendra greina, að flest þau ríki, sem jarðboranir fara fram í, hafa sett lög og reglugerðir varðandi öryggi við borun og frágang á holum. Ekkert slíkt er til hér á landi. Allar þær boranir, sem framkvæmdar hafa verið hér, hafa verið gerðar eftirlitslaust frá hendi hins opinbera. Ætla mætti, að eftir margra ára borun væri kominn tími til að setja saman reglugerð varðandi jarðboranir, þar sem staðlað væri öryggi við borun og frágangur á holum,

allt eftir því á hvaða svæðum og í hvaða tilgangi borað er. Slík reglugerð ætti að tryggja öruggari borframkvæmdir og traustan frágang, jafnframt því, sem hún myndi að mestu leyti koma í veg fyrir ágreining milli verksala og verkkaupa.

## 2. BORUN Á HÁHITASVÆÐUM

Eitt það fyrsta, sem gera þarf eftir að holu hefur verið valinn staður er að steypa kjallara og ganga þannig frá holustæðinu að öruggt þyki.

Kjallari þarf að vera það stór, að hægt sé að ganga frá fóðringu og holutoppsútbúnaði á auðveldan hátt. Einnig þarf að vera steypdur stigi úr honum, þannig að auðvelt sé að komast upp úr honum. Út frá kjallara þurfa að vera steypdir vængir minnst 2 m í allar áttir. Undir þessa vængi ætti að þúkka með grjóti og möl. Kjallari og vængir skulu vera úr járnbentri steinsteypu. (Sjá mynd 2.)

Tilgangurinn með svo traustlega gerðum kjöllurum er að auka allt öryggi á holustað bæði meðan á borun stendur, og ekki sízt eftir að viðkomandi hola er tekin í notkun. Í Námaskarði eru öll holustæði í leirflagi og í Krísuvík eru þau í mýrarfeni og veitir ekki af að vanda til útbúnaðarins á slíkum stöðum. Eftir að plan- og kjallaragerð er lokið er holustæðið tilbúið til borunar.

Hagkvæmast er álitnið, að bora með höggbor fyrir fyrstu tveim fóðringunum, sé um hart berg, hrungjörn og lek lög að ræða (50-70 m í Námaskarði). Sé um móberg eða ummyndað berg að ræða, mun það ekki borga sig.

Er hlutverki höggbors er lokið, tekur snúningsbor við. Hans hlutverk er að bora holuna niður á æskilegt dýpi og ganga frá þeim fóðringum sem setja á í hana. Í kafla hér á eftir um fóðringar á háhitasvæðum er gert ráð fyrir 3-5 fóðringum í holu.

Eftir að höggbor hefur sett efstu tvær fóðringar, verður að ganga svo frá málum, að næstu 2 fóðringar, "festilfóðring" og "vinnslu-

fóðring" sjá mynd 4-séu ekki settar í holuna fyrr en búíð er að ganga tryggilega frá því, að enginn leki sé í holunni á því svæði, sem fóðra á. Í öllum efri jarðlögum má búast við sprungum og lekastöðum í ríkum mæli, en þetta þarf allt að stífla og steypa þétt áður en fóðring er sett í holuna, að öðrum kosti má gera ráð fyrir að fóðrun mistakist. Til að stífla lekastaði sem þessa, þarf að steypa í þá með grófri steypu, sementi blandað vikri, rauðamöl, perlusteini, spónum eða hálmi, eða þessu öllu til samans. Þar sem borvökvadælur boranna geta ekki dælt slíkri steypu þyrfti að útvega dælu sem væri þess megnug.

Hér höfum við í huga líkar dælur og notaðar eru til grautunar "grouting pumps" á undirstöðum við mannvirkjagerð t.d. stíflu-stæðum. Þessar dælur ættu að vera þess megnugar að dæla svo grófri steypu, sem þarf til að stífla þær sprungur og göt í holu-veggjum er truflað gætu eðlilegan framgang við steypingu fóðringar.

Það er álit okkar, að algjörlega verði að tryggja það, að holan sé þétt og þoli þann þrýsting, sem þarf að leggja á hana til þess að koma steypunni á sinn stað við fóðrun. Öðrum kosti er ekki hægt að búast við því, að fóðrun takist sem skyldi.

Til þess að ganga úr skugga um, að holan þoli þrýsting steypunnar er rétt að þrýstiprófa holuna á þann hátt, að vatni er dælt í hana og skal þá dæluþrýstingur vera jafn þyngd vatnssúlunnar í holunni, þ.e. dýpt holunnar deilt með 10. Fari svo, að jarðvegurinn bresti, má leita að lekastaðnum með hitamælingu eða straumhraðamæli og reyna síðan að þétta lekann aftur. Getur þetta verið þolinmæðisverk, en óhætt er að segja, að mikið sé í húfi með að vel takist til með frágang fóðurröra svo sem fram kemur síðar.

### 3. TILHÖGUN FÓÐRINGA UNÐANFARIN ÁR

Í árdaga jarðborana á Íslandi var sú aðferð sem aðallega var notuð við fóðranir þannig, að reynt var að bora fyrir fóðringunni niður í klöpp eða fastan jarðveg og rörið síðan rekið niður í holuna. Ef borað var í mjög lausum jarðvegi, var borað og steyppt á víxl, þar til náð var á fastan jarðveg. Í verstu tilfellum var handgrafið fyrir fóðringunni.

Þegar kom að því að festa fóðringunni, var það ýmist gert, að holan var fyllt af steypu og rörinu síðan troðið í meðan hún var mjúk, eða rörið sett í fyrst og síðan steyppt bæði innan í og utan með, og reynt að þétta meðfram að beztu getu.

Þessar aðferðir hafa nú verið lagðar niður að mestu leyti, eftir því sem tækni hefur aukizt við boranir samt er þessu brugðið fyrir sig, þegar boraðar eru rannsóknarholur á fjöllum, þar sem fóðringin þénar mest sem lækfesting. Einnig er þessi aðferð notuð af höggborum stofnunarinnar enn þann dag í dag og er slæmt til þess að vita, þar eð þeir fást mikið við borun neyzluvatnshola og skyldi sízt af öllu ganga slælega frá þeim.

Með tilkomu Gufubors ríkis og Reykjavíkurborgar urðu breytingar til batnaðar á fóðrunaraðferðum. Þó mun þar mest hafa hjálpað nýjungar varðandi bætt vinnubrögð og vinnutilhögun, enda er Gufuborinn í sérflokki hér á landi hvað stærð, afkastagetu, bordýpt og ekki sízt öryggi snertir.

Flestar þær aðferðir, sem þar voru kenndar við boranir og framkvæmd fóðrunar, hafa verið aðlagðar og yfirfærðar á smærri bora stofnunarinnar, svo sem Cardwell (Norðurbor), Mayhew og Franks.

Á Gufubor kynntust menn einnig ýmsum nýjum tækjum, t.d. öflugum dælum, leðjutank til að hræra upp borleðju og sem forðabúr fyrir borleðju tengd inn á dælurásina meðan á borun stendur, sementshrærara, sem gerir kleift að steypa úr miklu magni af sementi á skömmum tíma, og er nauðsynlegt tæki við allar stærri fóðringar.

Ef til vill hefur öryggislokinn verið hvað bezta nýjungin, er fylgdi Gufubornum. Við tilkomu hans opnast möguleikar á borun á háhita-svæðum tækjanna vegna.



Hér á eftir verður reynt að útskýra helztu aðferðir, sem notaðar hafa verið við fódðringar, eftir að Gufubor kom til. (Sjá mynd 3.)

### Aðferð I

- I Fódðring til að halda úti lausum lögum efst í holunni, venjulega steyppt á fast berg eða þéttan jarðveg.
- II Þessi fódðring hefur venjulega þjónað sem öryggisfódðring meðan borað er fyrir aðalfódðringu og til að halda úti hrungjörnum lögum efst í holunni.
- III Aðalfódðring holunnar og þjónar þeim tilgangi, að útiloka lek lög ofarlega í holunni og til að festa útbúnað holutopps og verður þar af leiðandi að þola allan þrýsting, sem getur orðið efst í holunni.

Steyping fódðringarinnar hefur verið framkvæmd á þann hátt, að dælt hefur verið innan í fódðringuna því magni af steypu, sem álitnið er nægjanlegt til að steypa hana fasta. Þar á eftir er settur rennitappi "plug" efst í fódðringuna og honum þrýst niður undir botn með vökva (vatni eða borleðju).

Rekur hann steypuna á undan sér niður fódðringuna og þrýstir henni upp með fódðringunni að utanverðu. Síðan er rennitappanum haldið niðri með þrýstingi, þar til steypan hefur harðnað, eða komið hefur verið fyrir einstreymisloka neðst í fódðringunni áður en hún var sett í holuna og fyrirbyggir hann bakrennsli steypunnar. Þegar borun er svo haldið áfram eftir að fódðringu lýkur, eru rennitappinn og einstreymislokinn boraðir úr. Óhætt er að segja, að þessi aðferð sé sú hefðbundna, og aðrar aðferðir leiddar af henni.

### Aðferð II

Fódðringar I og II eru steyptar eins og lýst er í aðferð I.

Við steypingu fódðringar III er hins vegar breytt út frá venjunni og notast við aðferð er kalla mætti ofanfrá- og meðfram-aðferðina. Í staðinn fyrir að fylla fódðringuna með steypu og dæla henni upp

með, er steypan látin leka niður með fóðringunni og þá gjarnan í skömmtum, þ.e. hrært ákveðið magn af sementi í einu og því komið fyrir meðfram fóðringunni. Síðan er beðið að skammturinn harðni og þá er næsti skammtur settur niður. Þannig er haldið áfram þar til steypan kemur upp sem kallað er.

Ætlunarverk þessarar fóðrunaraðferðar er sú, að steypa aðeins efsta hluta fóðringarinnar fastan, en láta neðri hluta hennar þenjast lausbeyzlaðan við vegg holunnar.

Ekki er hægt að mæla með þessari aðferð við steypingar á fóðringu, því það sem gerir hana tortryggilega er:

Í fyrsta lagi vita menn ekkert, hvert sú steypa fer, sem látin er niður með fóðringunni.

Í öðru lagi er mjög mikil hættu á vatnsblöndun í steypunni og vatnspokamyndun meðfram fóðurrörum. Þetta býður svo hættunni heim varðandi mispenslu á rörinum og skapar möguleika fyrir sliti á fóðringu.

Í þriðja lagi gætu aðeins fáeinir metrar af fóðringunni hafa steypzt, ef steypan leitaði út í sprungur sem ekki hefðu verið þéttar áður, og væri þá betur ósteypst.

### Aðferð III

Fóðringar I og II eru steyptar á hinn hefðbundna hátt eins og lýst er í aðferð I. Við steypingu III. fóðringar er breytt út af venjunni og aðeins steypst upp með henni að vissu marki (sjá mynd) en síðan skilið eftir töluvert bil steypulaust. Þá er sandur settur á milli fóðringa og að lokum steypst efst með fóðurrörinu. Þetta orsakar, að á milli holuveggjar og 3. fóðringar er steypulaust lag, sem súrefnisríkt vatn og sjór, ef hann er fyrir hendi, leika um rörið og flýta fyrir tæringu. Auk þess, þar eð rörið er steypst í báða enda, verður mispensla í fóðringunni sem orsakar slit.

Ef grípa þyrfti til þess ráðs að steypa ekki upp með fóðringunni allri, ætti að reyna að láta steypuna ná upp í næstu fóðringu utan við og steypa þá ekki í toppinn heldur setja stýringu milli fóðringa, sem rörið gæti þanizt í.

#### Aðferð IV

Sú aðferð hefur verið notuð þegar hrun eða linir kaflar hafa komið í holur, sem búið hefur verið að fódra á venjulegan hátt, að setja í þær "lausa fódningu". Þessi aðferð er oft nauðsynleg, en til að hún komi að sem beztu gagni þarf að gera ráð fyrir henni í upphafi. Sé það ekki gert, kemur holan til með að vera mjórri en ráð var fyrir gert vegna þessarar aukafóðringar.

Yfirleitt eru þessar fódningar láttnar standa á stalli eða þrengingu í holunni, en einnig hafa þær verið hengdar innan í næstu fódningu.

#### 4. TILLÖGUR AÐ FYRIRKOMULAGI FÓÐRINGA

Fjöldi fódringa í borholum er mismunandi og fer oftast eftir því í hvers konar jarðvegi verið er að bora og eins eftir því í hvaða skyni borað er. Hitastigulsholur eru til dæmis ekki nema með einni stuttri fódningu. Framleiðsluholur á háhitasvæðum geta krafizt allt að 5 fódringa, sem komið er fyrir hverri innan í annarri. Einnig kemur það fyrir, að fódning er hengd neðst í næstu fódningu fyrir utan.

Tilgangur hverrar fódningar fyrir sig í einni borholu, er nokkuð mismunandi. En allar hafa þær einn heildartilgang, þ.e. tryggja öryggi við/og auðvelda borframkvæmdir, og skila þeim verðmætum, sem borað er eftir hverju sinni, í þessu tilfelli gufu, á sem öruggastan og beztan hátt upp á yfirborðið.

Hér á eftir verður skýrður tilgangur hverrar fódningar fyrir sig. (Sjá mynd nr. 4)

1. Yfirborðsfóðring. Þessi fódning er ekki nauðsynleg í öllum tilvikum. Hins vegar kemur hún að gagni, þar sem fyrstu metrar-nir í borun eru "rusljarðvegur", ef svo má að orði komast, mól, sandur, vikur eða blanda af þessu.

2. Öryggisfóðring. Fóðring þessi á að halda uppi hrungjörnum jarðvegi og loka af lek lög og yfirleitt að þjóna sem öryggi meðan borað er fyrir festilfóðringu.

Lengd fóðringarinnar ákvarðast af jarðveginum og því hitastigi sem búast má við.

3. Festilfóðring. Undanfarið hefur þessi fóðring þjónað sem öryggisfóðring, meðan borað er fyrir aðalfóðringu (hér eftir nefnd vinnslufóðring), og einnig til að halda úti hrungjörnum lögum, ofarlega í holunni. Teljum við ástæðu til að breyta hér til og nota þessa fóðringu líka til þess að festa aðalloka holunnar á. (Sjá kafla Frágangur holutopps.) Hingað til hefur hann verið festur á vinnslufóðringuna. Tilgangur festilfóðringar verður því þríþættur: Til að halda úti hrungjörnum lögum ofarlega í holunni og þar með auðvelda áframhaldandi borun, til að virka sem öryggisfóðring meðan borað er fyrir vinnslufóðringu (koma í veg fyrir að gufa og vatn brjótist fram hjá og komi upp meðfram holunni) og til að vera festill fyrir aðalloka holunnar.

4. Vinnslufóðring. Hún er einnig til að halda úti lekum og brotgjörnum lögum og þar með þjóna þeim tilgangi að gufan komist örugglega og fyrirstöðulaust upp á yfirborðið. Hún er sú fóðring, sem tekur mest á sig þær þenslur og teygjur er fyrir koma í holunni. Því er horfið frá því ráði að festa aðalloka holunnar á hana, til að losna við að hann sé á fleygiferð. Vegna þenslunnar er þessi fóðring ekki látin ná upp í topp heldur endar hún h. u. b. einum meter frá aðalflans festilfóðringar.

5. Leiðari. Í þeim tilfellum, þar sem gufunni er safnað úr mörgum æðum og brotgjörn lög eru á milli, er nauðsynlegt að setja leiðara í holuna. En það höfum við nefnt fóðringu, sem er götuð og í flestum tilfellum er hengd neðst innan í vinnslufóðringuna og er eingöngu til að halda úti holunni á því svæði, sem gufunni er safnað í hana.

### Lengd og vídd fóduringa

Við borun á holum, þarf að ákveða vídd og lengd þeirra fóduringa, sem setja á í holuna.

Holuvídd og þar af leiðandi þvermál fóduringa, er háð afkastagetu viðkomandi bors. Einnig þarf að hafa það í huga, að ekki hentar sama holuvídd á öllum svæðum. Sé borað á aflmiklum svæðum, verður að tempra holuvídd, svo kostnaður vegna fóduringa og ekki sízt kostnaður vegna frágangs holutopps sé innan hagstæðs ramma.

Dýpt fóduringa er háð jarðlagaskiptingu svæðisins. Sem áður er sagt, er yfirborðsfóðring ekki alltaf nauðsynleg. Hinar þrjár, öryggisfóðring, festilfóðring og vinnslufóðring eru nauðsynlegar í allar holur boraðar á háhitasvæðum. Það má búast við, að fóduringaskipan í fyrstu holu, sem boruð er á áður ókönnuðu svæði, komi ekki til með að vera sú rétta. En að henni lokinni, ætti að vera hægt í flestum tilfellum, að segja fyrir um fóduringaskipan næstu hola, sem boraðar verða á sama svæði. Eitt skal þó tekið fram, að jarðlagasnið ræður ekki eingöngu um dýpt festilfóðringar. Þar verður að taka með við ákvörðun mestan mögulegan þrýsting, sem viðkomandi hola getur gefið, vegna þess, að aðallocki holunnar er festur á þá fóduringu. Á Nýja Sjálandi er sú regla notuð, að festilfóðring sé a. m. k. það djúpt, að þungi jarðvegs umhverfis hana sé meiri en mesti mögulegi þrýstingur, er holan getur gefið á því dýpi. Er þetta til að koma í veg fyrir að gufan brjóti sér leið upp meðfram holunni eða út úr henni.

Helzt þyrfti að ganga þannig frá fóduringarendum, að þeir séu steypdir í tiltölulega hart eða gott jarðlag. Sé það ekki gert, er alltaf sú hættu fyrir hendi, að steypan molni smám saman upp með fóduringunni. Sé ekki um slík jarðlög að ræða, þar sem æskilegast er að enda hverja fóduringu, skiptir það minna máli, ef önnur fóduring á eftir að koma fyrir innan. Það vill segja, að sérhver fóduring veitir aðhald, og styrkir fóduringarenda næstu fóduringar fyrir utan. Hin endanlega fóduring, vinnslufóðringin, verður að steypast í gott, traust berglag, svo ekki sé talað um, ef hengja á í hana leiðara. Ef svo skeður, að alls ekki er hægt að finna gott berglag nálægt þeim stað sem endi vinnslufóðringar skal vera, er æskilegt að setja körfu á enda fódurrörs. Hún hindrar að steypa molni niður með rörinu.

## 5. STEYPING FÓÐRINGA

Alls staðar, þar sem holur eru boraðar í jörðina til að ná upp mikilvægum efnum, hvort sem um er að ræða olíu, jarðgas eða gufu, er steyping fóðringa holunnar talin eitt mikilvægasta stig verksins og skyldi vanda til hennar sem kostur er á.

Í bandaríska olíuiðnaðinum er sú athöfn talin standa jafnfætis grautun í námuiðnaðinum. Uppgötvun tækja til þessara hluta, endurnýjun og betrubæting þeirra er alltaf að gerast hjá þeim fyrirtækjum, sem framleiða þá. Öll stærstu olíufélög heims halda uppi stórfelldum ramnsóknum, þar sem sífelld er verið að prófa bæði gömul og ný efni til að betrubæta og auðvelda steypinguna.

Megnið af því sementi, sem notað er til fóðringa steypingar erlendis er selt í lausu, þ.e. úr sílóum. Steypustöðvar kaupa sementið í lausu af sementsverksmiðjunum. Þar er blandað í það ýmsum bætiefnum, allt eftir því í hvaða skyni sementið á að notast. Þegar svo kemur að því að steypa fóðringu þá pantar boraðilinn sement frá viðurkenndri steypustöð og gefur um leið upp, hvaða bætiefni hann vill hafa í sementinu. Þegar sementið kemur á borstað, er það tilbúið til steypingar. Þangað kemur það á sements-bifreiðum og er blandað vatninu beint úr þeim og dælt í holuna.

Eins og áður hefur verið sagt er talið, að aðalverkið við hverja holu sem boruð er, sé steyping fóðringarinnar. Skyldi allur undirbúningur verksins íhugaður vandlega. Hér verða talin upp nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar hola er fóðruð.

1. Ákvarða skal vandlega það magn af steypu, er þarf í holuna og út frá því, það magn af sementi, er nota skal. Í holum, sem boraðar eru í lélegu bergi og hætta er á víkkunum og smáhella myndunum, er góð regla að margfalda útreiknað magn með faktor 1,5-2.
2. Það er nauðsynlegt, meðan á steypingu stendur, að ekkert komi fyrir, er hindrað geti tafarlausan framgang verksins. Því skal ætíð gengið úr skugga um, áður en steyping hefst, að öll verk-

færi og tæki, sem nota skal við verkið, séu í góðu lagi. Það borgar sig að huga vel að öllum hlutum áður en verkið hefst.

3. Þegar fódoringin er komin í holuna, og hefur verið stillt af, er góður vani að hringdæla í holunni góða stund, borleðju eða vatni áður en steyping hefst. Þessi hringdæling hjálpar til við að fjarlægja gelflögur og svarf, er losnað hefur úr holuveggjum við niðursetningu fódoringar. Einnig kælir það holuna og hægt er að ganga úr skugga um, hvort flotloki virkar eðlilega. Eins gæti hafa hrunið eitthvað í holuna meðan fódurrör voru sett niður, sem hindraði eðlilegt rennsli steypunnar og kæmi það þá í ljós.
4. Strax eftir hringdælingu er botn rennitappinn settur í og æskilegt magn af steypu.
5. Um það bil sem síðasti skammtur steypunnar rennur í fódoringuna er topp rennitappanum sleppt og þrýst á eftir með borvökvanum.
6. Þó að æskilegt sé, að steypunni sé dælt upp með fódoringunni á sem skemmstum tíma, til að ná sem beztu rennsli upp með henni, verður að hafa í huga brotþrýsting veikra jarðlaga og haga dælingu samkvæmt því. Einnig skyldi varast að láta rennitappann skella á flotkraganum á mikilli ferð, slíkt gæti orsakað tognun á gengjum fódurröranna. Áður en steyping hefst, skyldi reikna út þann dæluþrýsting, sem þarf til að koma steypunni upp með fódoringunni.
7. Ef tap verður á hringdælingu (þ. e. vatn eða borleðjan, sem situr ofan á steypunni utan við fódurrör, hættir að skila sér upp meðan ýtt er á eftir steypunni niður fódoringuna), skyldi hægja á dælum að svo miklu leyti, sem mögulegt er í því skyni að reyna að fá steypuna til að "staflast upp" á þeim stað, sem tapið út í jarðveginn á sér stað.
8. Fódoringin skal undantekningarlaust hanga í meðan steyping fer fram og hún harðnar. Það er háð aðstæðum í viðkomandi holu, hita, þrýsting og sementstegund o. fl. hvað það tekur steypuna

langan tíma að setjast nægjanlega til þess að halda fóðringunni. Á meðan skyldi forðast allt það, sem gæti hrist og skekið fóðringuna í steypunni. Einnig skyldi varast að losa tog af fóðringunni, fyrr en steypan er orðin það hörð, að hún haldi henni fullkomlega.

9. Sem áður er sagt, er það háð ýmsu hvað nægjanlegur biðtími er. Ef venjulegar aðstæður eru fyrir hendi varðandi hitastig, þrýsting og sementstegund, ætti að vera óhætt að bora steypu-tappann úr fóðringunni eftir 12-24 tíma.

Til þess að auðvelda það að steypan komist vel upp í milli fóðurröra, eða í milli fóðurrörs og jarðvegs, skal millibilið ekki vera of þröngt og er víðast hvar talið æskilegt, að það sé ekki minna en 1". Sé millibilið mjög lítið þarf að dæla steypunni niður og síðan upp við nokkurn þrýsting, en við það skapast sú hættu að göt séu sprengd í bergið, þannig að steypan streymi þar út og nái ekki upp á yfirborðið.

Beztu trygging fyrir því, að steyping gangi vel fyrir sig, fyrir utan það, að verkfærin séu í lagi, er sú, að holan sé vel þétt, áður en steyping hefst. Það vill segja, að loka þarf öllum leka-lögum og tapstöðum, og er bezt að gera það um leið og borað er.

### Rennitappar (plugs)

Rennitappar eru þeir hlutir nefndir, er settir eru á milli steypu og borvökva til að hindra mengun eða blöndun (steypa-vatn eða steypa-borleðja). (Sjá mynd 5). Áður en steypa er sett í fóðringuna er "botn rennitappinn" settur í. Hann færir svo niður undir botn á fóðringunni eftir því sem dælt er steypu í fóðurrörið. Þar stoppar hann á einstreymisloka eða flotkraga. Við aukinn þrýsting springur hann fyrir miðju og hleypir steypunni í gegnum sig, sem streymir áfram og upp með fóðurrörunum. Þegar öll steypan er komin í fóðurrörin, er "topp rennitappanum" sleppt lausum og myndar hann skil milli steypu og vökvans, sem dælt er á eftir henni með. Einnig er hann notaður til að fylgjast með, hvenær búið er að dæla allri steypu úr fóðringunni upp með rörunum. (Þegar efri tappinn lendir á botn tappanum, myndast skyndileg þrýstingsaukning.)



### Flotkragi

Flotkragi er einstreymisloki eða brík, sem sett er í fóðringuna a.m.k. einni rörlengd frá neðri enda hennar. Þetta er gert til að rennitapparnir fari ekki of langt niður, og tryggir þar með góða steypingu við enda fóðringar.

### Miðjustillir (centralizer)

Nauðsynleg hjálp til að skapa góða steypingu á fóðringu er miðjustillir. (Sjá mynd 5.) Það liggur í augum uppi, ef fóðringin leggst upp að holuvegg og steyppt þannig föst, kemst engin steypa á milli fóðurrörs og holuveggjarins á því bili. Til að koma í veg fyrir að þetta geti skeð og til að tryggja örugga og vel steypa fóðringu, þarf að nota miðjustilla. Þeir halda fóðringunni í miðju holunnar og tryggja þannig, að steypan sé nokkurn veginn jafn þykk allt í kringum hana. Miðjustillum ætti að festa þannig á fóðringuna við niðurstetningu, að þeir spenntust út í trausta og örugga holuveggi þegar fóðringin er öll komin í holuna. Slíka staði er hægt að finna út úr borakraða-línuriti.

### Steypingar hausar (Cementing heads)

Þegar búið er að tengja við fóðurrör, til að dæla (skolvatni - steypu - borvökva) inn á þau, er mjög illt að þurfa að stöðva verkið til að skjóta rennitöppunum inn í. Bæði tefur það verkið og eins gætu myndast loftpokar í fóðringunni. Til að koma í veg fyrir slíkt, er notaður steypingarhaus. (Sjá mynd 5.)

Tveggja tappa haus, er eins og nafnið bendir til, með útbúnaði til að geyma í honum tvo rennitappa og sleppa þeim lausum þegar við á. Hann þarf einnig að vera með þeim útbúnaði að hægt sé að snúa fóðringarlengjunni í holunni um leið og steypunni er dælt í.

### Val á sementi og sementsbætiefnum

Við val á sementi verður að hafa í huga þær tegundir, sem viðkomandi markaður býður upp á. Erlendis er hægt að fá flestar þær sementsblöndur, sem æskilegt er að nota hverju sinni. Eins og áður er lýst er bætiefnum blandað í sementið í steypustöðvunum og kemur á borstað þannig.

